

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2025/1784****2026/EES/24/12****frá 9. september 2025****um leyfi fyrir kapsaísini sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri (1), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa fyrir aukefnum til notkunar í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.
- 2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir kapsaísini. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.
- 3) Umsóknin varðar leyfi fyrir kapsaísini sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað var eftir því að aukefnið yrði sett í flokkinn „skynræn aukefni“ og virka hópinn „bragðefni“.
- 4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) komst að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu frá 18. mars 2025 (2) að við tillögð notkunarskilyrði sé kapsaísín öruggt fyrir allar dýrategundir, neytendur og umhverfið. Hún komst einnig að þeirri niðurstöðu að kapsaísín sé ertandi fyrir öndunarfæri og húð og teljist vera augnertandi. Kapsaísín er ekki húðnæmir. Loks teljast öll váhrif af völdum kapsaísíns á notendur vera áhætta. Þar eð kapsaísín er viðurkennt sem bragðefni í matvæli og hlutverk þess í fóðri er í raun það sama og í matvælum komst Matvælaöryggisstofnunin enn fremur að þeirri niðurstöðu að ekki teljist nauðsynlegt að sýna frekar fram á verkun þess. Matvælaöryggisstofnunin taldi að ekki væri þörf á sértækum kröfum um eftirlit að lokinni setningu á markað. Matvælaöryggisstofnunin staðfesti einnig skýrslu um aðferð til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.
- 5) Í ljósi framangreinds telur framkvæmdastjórnin að kapsaísín uppfylli skilyrðin sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003. Til samræmis við það ætti að leyfa notkun aukefnisins fyrir allar dýrategundir. Kapsaísín er aukefni sem hefur dýraræktarleg og lækandi áhrif, eins og jákvæð áhrif á frammistöðu eða vernd gegn tilteknum sjúkdómsvöldum. Til að koma í veg fyrir notkun skammta af aukefninu sem gætu hugsanlega leitt til slíkra dýraræktarlegra eða lækandi áhrifa á dýr er nauðsynlegt að fastsetja hámarksinnihald fyrir kapsaísín í fóðri. Auk þess telur framkvæmdastjórnin að gera ætti viðeigandi verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir skaðleg áhrif á heilbrigði notenda aukefnisins.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2025/1784, 10.9.2025. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 7/2026 frá 6. febrúar 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2003/1831/oj>.

(2) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2025 23, e9340, <https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2025.9340>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnið, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreint í viðaukanum, er leyft sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. september 2025.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VÍÐAUKI

Kenninúmer föðuraukefnisins	Aukefni	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Hámarks- innihald	
2b92458	Kapsaísín	Samsetning, efnamúla, lýsing, greiningaraðferð Kapsaísín Fast form <i>Lýsing á eiginleikum virka efnisins</i> Kapsaísín Framleitt með efnasmíði Efnamúla: C ₁₈ H ₂₇ NO ₃ CAS-númer: 404-86-4 FEMA-númer: 3404 Hreinleiki: að lágmarki 98% hlutfall (E)-kapsaísíns (trans-kapsaísíns) og (Z)-kapsaísíns (cis-kapsaísíns) (E)-(Z)- kapsaísín: ≥ 6:1 <i>Greiningaraðferð (1)</i> Til að ákvarða kapsaísín í föðuraukefninu, forblöndum og föðurböndu: háþrýstivökvaskiljun með litrófsmæligreiningu (HPLC-UV)	Alifuglar Skrautfuglar Tegundir svína Jörturdýr og dýr af úlfaldaett Dýr af hestaett Dýr af héraett Laxfiskar og aukategundir fiska Skrautfiskar Hundar Ketir Aðrar tegundir og flokkar		6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 6,5 5,3 5,3	Ömur ákvæði	30. september 2035
Flokkur: skynræn aukefni. Virkur hópur: bragðefni							

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðir eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: https://joint-research-centre.ec.europa.eu/eurl-fa-eurl-feed-additives/eurl-fa-authorisation/eurl-fa-evaluation-reports_en.